

Kynning á frumvörpum til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum og um breyting á lögum um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum.

702 mál

Frumvarp til breytingar á lögum um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum er lagt fram samhliða frumvarpi til breytingar á lögum um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum.

Við vinnslu þessara frumvarpa var farið yfir lög um ársreikninga og bókhald með hliðsjón að ábendingum frá haghöfum um hvað betur mætti fara í lögnum í ljósi reynslu síðustu missera. Ábendingar bárust frá ársreikningaskrá og ítarlegt yfirlit með athugasemdum yfir lög um ársreikninga barst frá reikningsskilanefnd Félags löggiltra endurskoðenda (FLE). Einnig komu fram athugasemdir frá Félagi viðurkenndra bókara og Félagi bókhaldsstofa.

Farið yfir þær athugasemdir sem borist höfðu, farið yfir skýrslu um málefni endurskoðenda sem unnin var fyrir ráðuneytið, fundað með haghöfum og tillögur ræddar við fulltrúa ársreikningaskrár, FLE, Fjármálaeftirlitsins (FME), Viðskiptaráð, Félags viðurkenndra bókara og Félags bókhaldsstofa. Einnig er lögð til breyting sem leiðir af Evróputilskipun 2009/49/EB um samstæðureikningsskil.

Meginbreytingar þær sem lagðar eru til er ætlað að koma til móts við hluta ábendinga framangreindra aðila og eru þær eftirfarandi:

1. Lagðar eru til breytingar sem leiða af því að breyta núverandi lögum sem leggja störf endurskoðenda og skoðunarmanna að jöfnu. Með lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, sem tóku gildi 1. janúar 2009 voru gerðar töluverðar breytingum á áðurgildandi lögum og reglum um endurskoðendur. Samkvæmt þeim lögum geta ekki aðrir en þeir sem fá löggildingu ráðherra endurskoðað reikningsskil og áritað þau í samræmi við endurskoðunina. Lagt er til í báðum frumvörpunum að notað verði orðalagið að yfirfara ársreikning þegar kemur að framkvæmd skoðunarmanna og að þeir undirriti ársreikning þegar þeir hafa lokið sinni vinnu í stað áritunar eins og endurskoðandi gerir. Enn er sú kvöð inni að ársreikningar félaga skulu annað hvort endurskoðaðir af endurskoðendum eða yfirfarnir af skoðunarmönnum.
2. Lagðar eru til breytingar á breyttu orðalagi og nánari skilgreiningar til að gera lög in skýrari. Má þar nefnda breytingu á orðalagi varðandi starfrækslugjaldmiðilinn og nánari skilgreining verði á starfrækslugjaldmiðlinum í samræmi við ákvæði alþjóðlega reikningsskilastadalsins nr. 21. Einnig er nánar kveðið á um nefndarmenn endurskoðunarnefnda sem einingar tengdar almannahagsmunum er gert að hafa.
3. Lagt er til að heimild félaga að hafa texta bókhaldsbóka og ársreikninga á dönsku eða ensku í stað íslensku verði víkkuð út til annarra félaga en þeirra sem hafa heimild til að hafa reikningsskilin í erlendum gjaldmiðli, svo og ákvæði varðandi geymslu bókhaldsgagna erlendis í allt að sex mánuði.
4. Lagt er til að auka gagnsæi eignarhalds og atkvæðisréttar hluthafa í hlutafélögum og einkahlutafélögum verði aukið með því að upplýsa um að lágmarki 10 stærstu hluthafa og hundraðshluta hlutafjár, en ekki einungis eignarhluti yfir 10%.
5. Lögð er til breyting sem leiðir af tilskipun Evrópusambandsins nr. 2009/49/EB þar sem móðurfélag sem aðeins á dótturfélög sem skipta óverulegu máli bæði ein og sér og sem heild þarf ekki að semja samstæðureikning en geri í þeim tilvikum grein fyrir því í skýringum.
6. Auk þess eru aðrar minni breytingar, svo sem að viðmiðunarfjárhæðir í lögnum eru hækkaðar þar sem þeim hefur ekki verið breytt síðan árið 2000.